

Nr. 113 / 12 Herjólfur***Skipverji fær gírolú í augu***

Skipaskr.nr. 2164
Smíðaður: Noregi 1992, stál
Stærð: 2222,4 brl. 3354 bt
Mesta lengd: 70,7 m Skráð lengd: 67,6 m
Breidd: 16,0 m Dýpt: 10,7 m
Vél: Man B&W 5400 kw, 1992
Áhöfn: 14



Herjólfur©Hilmar Snorrason

Gögn:

Slyaskýrsla frá skipi
Gögn RNS

Málið afgreitt á fundi 22. mars 2013 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasynti, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagni í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 10. september 2012 var Herjólfur að koma til Vestmannaeyja. Veður: NV 27-34 m/s.

Þegar verið var að leggja skipinu að bryggju sprakk glussaslanga við spil með þeim afleiðingum að báðir skipverjar á framskipi fengu olú yfir sig alla og blinduðust um stund. Annar var sendur á sjúkrahús og var hann frá vinnu í viku en síðar fékk hann fullann bata.

Við rannsókn kom fram:

- að vegna veðurs var mjög mikið álag á spilkerfinu og er talið að það hafi orðið til þess að slangan gaf sig;
- að slangan var innan við árs gömul þegar hún gaf sig. Sett var ný slanga til bráðabirgða en síðan smíðað rör og sett í staðinn fyrir hana.

Nefndarálit:

Nefndin ályktar ekki í málinu.